

Framleiðendur og dreifingaraðilar kvikmynda sem gefnar eru út á filmu hafa aðgangsrétt að afhentum kvikmyndum. Aðgangsrétturinn er háður samþykki Kvikmyndasafns Íslands.

16. gr.
Skráning.

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir. Þegar um er að ræða efni sem er þess eðlis að það er varðveitt í flokkum eða heildum er ekki skylt að skrá hverja einingu. Þetta á t.d. við um ýmislegt smáprent og veggspjöld. Efni þetta skal þó vera aðgengilegt notendum.

V. KAFLI
Gildistaka.
17. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 20. gr. laga nr. 20/2002 um skylduskil til safna og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 5. desember 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

1. gr.

2. mli. c. liðar 3. gr. falli niður og í staðinn komi:

Leyfður er innflutningur á gæludýrafóðri sem meðhöndlað hefur verið þannig að:

- nagbein úr skinum eða leðri hafi verið hituð nægilega til að drepa smitandi lífverur (þ.m.t. salmonellu),
- niðursoðið fóður hafi verið hitað að lágmarki 3.0 í Fc gildi í loftþéttum umbúðum,
- annað gæludýrafóður en nefnt er hér að ofan hafi verið hitað upp í kjarnahita a.m.k. 90°C,

og að því tilskyldu að hráefnið innihaldi ekki eftirtalin dýr og dýraafurðir:

2. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, að leyfa innflutning á vörum, sem taldar eru upp í 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningnum séu uppfyllt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2003

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði	kr. 7.700
Sorphirðugjald á ílát, sumarhús	kr. 2.640

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.

Flokkur 1	kr.	6.000
Flokkur 2	-	36.000
Flokkur 3	-	108.000
Flokkur 4	-	216.000
Flokkur 5	-	432.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.

Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	7.500
Þjónustubýli	-	3.500
Sumarbústaðir	-	1.750

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.